

Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2009



Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2009



© Elfa Hlín Pétursdóttir 2009

Mynd á forsíðu er af ungum safngesti að glíma við beinagrindarpúsl snertisafnsins.

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2009

Skýrslur Minjasafns Austurlands XIX

ISBN 9979-9576-5-5

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Opnunartími safnsins	4
Starfsmannahald	4
Húsnæðismál og rekstur	4
Safnfræðsla	5
Grunnsýning	9
Aðrar sýningar	9
<i>Dauðir rísa</i>	9
<i>Ást í 100 ár</i>	10
<i>Þrjónaheimur LUKA III</i>	10
Uppákomur og viðburðir	11
Ýmis starfsemi	15
<i>Geirsstaðakirkja</i>	15
<i>Kjarvalshvammur</i>	15
<i>Woolandsheep.com</i>	15
<i>Samtímasöfnun – leikir barna</i>	16
<i>Heimasíða</i>	16
<i>Ráðstefnur, námskeið og fundir</i>	17
<i>Sómastaðir</i>	17
Fornleifarannsókn	17
Gestafjöldi	18
Stjórnarstörf	20
Innlán – útlán	20
Aðföng	20
Lokaorð	20

INNANGUR

Eftirfarandi ársskýrsla greinir frá helstu þáttum starfssemi Minjasafns Austurlands árið 2009. Umsvif hennar voru meiri en oft áður, starfsmenn voru fleiri, tvær veglegar sérsýningar voru settar upp og safnfræðslunni óx fiskur um hrygg og verður sífellt veigameiri þáttur af starfsemi safnsins.

Hér á eftir verður stiklað á stóru í starfsemi safnsins árið 2009 en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Sýningar Minjasafns Austurlands voru opnar frá kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa voru opnar á hefðbundnum skrifstofutíma. Um sumarið (1. júní til 31. ágúst) voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar nema á miðvikudögum, þá var opið milli kl. 11.00 og 19.00, annað árið í röð.

STARFSMANNAHALD

Safnstjóri í fullu starfi var Elfa Hlín Pétursdóttir. Safnvörður í hálfu starfi var Edda Björnsdóttir og við hálfri stöðu safnkennara tók Michelle Lynn Mielnik í ársbyrjun.

Beata Fabian vann áfram að sértæku skráningarverkefni í sex mánuði og fékkst aðstoð Vinnumálastofnunar til þess. Þá vann hún í gestamóttöku yfir sumarið. Gerður var samningur við Þjóðminjasafn Íslands um fjarvinnsluverkefni um innskönnun á myndefni. Beata var ráðin til starfsins og hóf hún störf við það 1. nóvember í 80% starfi, en hún var áfram í 20% starfi fyrir Minjasafnið.

Nicole Zelle var í hlutastarfi í júní og júlímánuði við móttöku safngesta.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR

Safnið er til húsa í Safnahúsinu á Egilsstöðum og deilir húsnæðinu með Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Bókasafni Héraðsbúa. Húsið er hálfbyggt en upphaflega átti það að vera 3 burstir, í dag er aðeins ein risin auk þess sem steypur hefur verið sökkull þeirrar næstu og í honum eru geymslur Minjasafnsins. Safnið líður fyrir plássleysi og aðstöðuleysi að mörgu leyti, geymslur eru yfirfullar, aðstaða fyrir starfsfólk er ekki viðunandi og verulegur skortur er á rými bæði fyrir sýningar, viðburði og safnfræðslu auk þess sem aðgengi fyrir fatlaða er með öllu óásættanlegt, húsið er á þremur hæðum og í því er engin lyfta.

Sú hreyfing sem komin var á hugsanlega stækkun Safnahússins árið 2008 þegar undirbúningshópur var stofnaður og arkitekt fenginn til að hanna það innanhúss varð því miður að engu á árinu í ljósi hins erfiða efnahagsástands í þjóðfélaginu. Þó voru nokkrir fundir haldnir með forstöðumönnum stofnanna Safnahússins og undirbúningshóps um stækkun þess.

Safnstjóri sótti endurmenntunarnámskeið FÍSOS og EHÍ þar sem öryggismál safna voru til skoðunar og umræðu. Gerð voru drög að öryggisstefnu fyrir Minjasafnið og Safnahúsið í heild en því miður náðist ekki að klára hana á árinu. Í framhaldinu var haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk Safnahússins, og var það hjúkrunarfræðingurinn Elfa Rúnarsdóttir, sem leiðbeindi.

SAFNFRÆÐSLA

e. Michelle Lynn Mielnik

Í janúar 2009 tók Michelle Lynn Mielnik, grunnskólakennari, við 50% stöðu safnkennarans meðáherslu á samstarf við alla leik- og grunnskóla á svæðinu. Grundvöllur viðfangsefna í safnkennslunni er „skemmtimenntun“. Áhersla er lögð á að nemendur (og aðrir gestir safnsins) fræðist með ýmsu móti, einkum þó með upplifun eða verklegum verkefnum þar sem leyfilegt er að skoða, prófa eða búa eitthvað til byggt á ákveðinni fræðslu. Til að byggja upp frekara „snertisafn“, þ.e. muni í þeim tilgangi að leyfa fólki að handfjatla og prófa, fengust styrkir bæði frá Menningarráði Austurlands og Safnasjóði.

Unnið var að frekari undirbúningi í tengslum við námskrá skólanna og sérstök viðfangsefni sem nemendur glíma reglulega við á námsferli sínum. Fyrri part árs voru lögð drög að verkefnum fyrir ýmsa aldurshópa og þau prófuð og bætt eftir þörfum. Stefnt er að því að slík verkefni, tengd ákveðnum þemum verði ávallt hægt „að grípa í“ þegar óskað er eftir þeim.

Eitt dæmi um viðfangsefni sem reyndist mjög vinsælt og skemmtilegt þegar það var komið vel af stað var verkefni tengt þorranum. Í janúar og febrúar tók safnkennari minjasafnsins þátt í þorrablótshaldi leik- og grunnskóla á svæðinu. Þá mætti safnkennari í skólana í heimasaumuðum Ásabúningi (19. aldar búningi) með „Þorrakistu“ og sagði sögu um strákinn Kára sem á heima í torfbæ og uppgötvar ýmsar hefðir tengdar þorranum. M.a. koma mánaðaheitin við sögu og þótti börnunum gaman að fá að vita í hvaða mánuði þau eiga afmæli. Ýmsum athöfnum er lýst í sögunni sem framkvæmdar voru áður fyrr til að fagna þorra og kemur þannig fram hvernig hann var persónugerður. Loks er haldin veisla (miðsvetrarblót eða þorrablót) og hægt er að tengja muni úr kistunni við hana, þ.e. það sem Kári sá í veislunni. Eftir söguna gátu nemendur ýmist teiknað mynd af Þorra eins og þeir töldu að hann liti út (og voru myndirnar hengdar upp í anddyri safnsins) eða framkvæmt einhvers konar athöfn til heiðurs Þorra. Einnig fékk safnkennari dansherra með sér og þau sýndu og útskýrðu búningana og nokkra dansa áður en áhorfendur voru fengnir með í dansinn. Þessar heimsóknir hafa heppnast vel og börnin sýnt mikinn áhuga um Kára, „fjárjóðinn“ í kistunni, búningana og dansana.

Eftirfarandi tafla sýnir fleiri viðfangsefni sem þróuðust fyrstu mánuðina.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Hópar</i>	<i>Stutt lýsing</i>
Þorrablót	Allir aldurshópar	Saga um strák og þær hefðir sem hann og fjölskylda hans hafa þegar þorriinn hefst. Kista með munum tengdum mat. Söngur og dans.
Líf, aðstæður og hefðir á	Landnemaskólinn	Almenn kynning á ýmsum sviðum til að

Íslandi áður fyrr		útlendingar búsettir hér á landi skilji betur sögu og aðstæður Íslendinga.
Hlutir og hugtök úr sjálfsþurftarbúskapnum	Menntaskóli	Skoða og velja hlut frá „gamla tímanum“ og gera grein fyrir honum auk þess að rekja þróun hans í það nútímalega form eða verkfæri sem við þekkjum í dag.
Hvað er safn?	Leikskólar	Söfnin í húsinu skoðuð, Flateyjarbók, hlustað á sögu í baðstofunni og barnaleikföng prófuð.
Búningar og dans	Allir aldurshópar	Búningar skoðaðir, heiti hluta þeirra kynnt, dansaðir þjóðdansar og gömlu dansarnir.
Rúnir	Miðstig grunnskóla	Rúnir skoðaðar auk sögu þeirra og túlkunar, reynt að skrifa eða tálga rúnir, spáð með rúnum o.fl.þ.h.
Bókmenntir og skrift	Mið- og eldri stig, menntaskóli	Fræðsla um bókagerð og handritasöfnun, mismunandi skrift, bókmenntir frá ýmsum tímum skoðaðar (Landnáma, Flateyjarbók, Guðbrandsbiblían, ýmsar eftir Snorra Sturluson, Fornbréfasafn, Alþingisbækur, Manntöl o.fl.), reynt að skrifa upphafsstaf sinn með ákv.skreyttri skrift, skrifað með fjöður og bleki á skinn, lesa ákv. texta o.s.frv. eftir tengslum við námsefnið.
Sauðkindin og tóvinnan	Grunnskólar	Hlutir tengdir sauðkindinni skoðaðir, leikin saga sem lýsir tóvinnu, ýmsir hlutir prófaðir, s.s. kambar, rokkur, snælda o.s.frv.
Dauðinn	Grunnskólar (menntaskóli?)	Í tengslum við nýju sýningu safnsins og hvað verður um okkur og dýrin eftir andlát, beinagrindarpúsl og búin til beinagrind úr leggjum, hornum og kjálkum.
Fornleifauppgröftur	6.-10.bekkir	Tenging við sýningu á uppgrefti frá Skriðuklaustri, leika fornleifafræðinga með því að grafa, mæla og skrá.

Fyrir haustönnina 2009 mætti safnkennari á fund með starfsmönnum í hverjum skóla fyrir sig og kynnti starfsemi safnsins með ósk um reglulegt og fast samstarf við skólanna. Áherslur og hugmyndir voru kynntar og skólar í dreifbýli hvattir til að nýta akstur við sundferðir o.þ.h. til að heimsækja safnið, en einnig að panta safnkennara í heimsókn í skólana eða fá efni lánað. Skólar í nánd við safnið voru hvattir til að senda fámennari hópa reglulega beint í safnið til safnkennarans í ákveðin verkefni. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Grunnskólinn á Egilsstöðum bókaði strax fasta tíma tvisvar í viku fyrir smiðjuhópa í 8.-10. og 5.-7. bekkjum, stakir kennara þess skóla sendu safnkennara línu

um þau þemu sem yrðu tekin fyrir á næstunni – með ósk um verkefni á safninu tengd því, kennari í Fellaskóla pantaði fljótlega tíma í tengslum við sundferðir og Hallormsstaðaskóli og Borgarfjarðarskóli pöntuðu safnkennara þangað í heimsókn. Að auki var fundað við Leikskólann Tjarnarland vegna samstarfs á haustönninni.

Fastir smiðjuhópar á skólatíma eru nýjung í samstarfi við grunnskólana, og hafa farið vel af stað og fengið góða dóma frá skólanum. Í fyrstu smiðjutímum mættu nemendur einu sinni í viku 5-6 skipti í röð og tálguðu sér hnefataflmenn eða rúnaplötur. Í annarri smiðjulotu voru nokkrir nemendur sem mættu annars vegar til að tálga og hins vegar að taka upp þátt um verkin í gamla daga. Fleiri hugmyndir eru til fyrir næstu smiðjurnar,



Nemendur glíma við fornleifauppgjöft


viðfangsefni sem höfða sérstaklega til stráka, stelpna eða beggja kynja, en reynt er að gæta jafnréttis á því sviði.

Í framhaldi af heimsóknum nemenda Leikskólans Tjarnarlands á safnið í haust var Feðradagur Tjarnarlands haldinn hér á minjasafninu. Feður og börn mættu saman og hlýddu á söguna *Maðurinn sem átti að gata hússins*, þar sem húsbóndinn og húsfreyjan skiptu um verk dag einn og kom í ljós að húsfreyjan hafði meira fyrir stafni heima en að leika við litla barnið þeirra. Feðgar og feðgin fengu einnig tilsögn í íslenski glímu og fengu tækifæri til að klæðast víkingafötum og berjast eða láta taka myndir af sér.

Ekki verður tíundað hér um öll þau verkefni sem í boði eru, enda úrvalið aukist mikið, öllum til ánægju.

Þemaskrá annarra verkefna þar sem upplýsingar er að finna um aldur og tíma auk stuttra lýsinga á þeim verkefnum sem komin eru af stað eða verið er að ljúka til að bæta við framboð viðfangsefna má nálgast á heimasíðu safnsins.

Eftir smá tafir í upphafi árs meðan safnkennari setti sig inn í starfið og þrátt fyrir óheppilega langt veikindatímabil safnkennara í október náðist að sinna mörgum hópum, stundum nokkrum á dag. Og þó að skipulagið breyttist aðeins þannig að nemendahópar voru oft fámennari, þá komu fleiri hópar fyrir vikið. Þannig fjölgaði nemendum sem heimsóttu safnið með skólahópum um 156, eða úr 739 árið 2008 í 895 árið 2009.



Inni í þessum fjölda er þó ekki nemendafjöldinn sem sinnt var í heimsóknum þegar safnkennari fór í skólana, þ.a.m. í tengslum við þorablótin – allir nemendur í Brúarásskóla, Tjarnarlandi og Skógarlandi, auk heimsóknar til allra nemenda á Borgarfirði þar sem fjallað var um spil og leiki, nemendur í Hallormsstað, frá leikskólanum upp í 5.bekk voru heimsóttir með tóvinnuþema og nemendum á 2 elstu deildum Tjarnarlands fengu kynningu á dansi. Þannig að segja má að safnkennslan hafi sinnt um 1000 nemendum þetta árið.

Búast má við frekari fjölgun nemendahópa í tengslum við safnkennslunni skólaveturinn 2010-2011, því nú er aukið verkefnaval, komin ánægjuleg og árangursrík reynsla á nýju skipulagi og árangur þess konar lærdóms eða náms kominn í ljós. Einnig er stefnt að því að leggja meiri áherslu á að bæta enn frekar samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og háskólanemendur. Tekist hefur vel að festa safnkennslu veigameiri sess í námi barna og ungmenna á svæðinu, og auka þannig skilning þeirra á uppruna og umhverfi.

FRÆÐSLUKISTUR

Ýmsir hlutir úr safnkennslu og geymslu safnsins, m.a. munir tengdir sauðkindinni, haustvinnu og þorranum, voru lánaðir í svokallaða minningavinnu hjá eldra fólki sem dvelur á dvalarheimilum og sjúkrahúsum. Fólkið skoðar hlutina og rifjar upp það sem það man um hlutina eða atburði tengda þeim. Þetta hjálpar fólki að halda í minningar sínar og þjálfar heilann áfram. Slík minningarvinna virðist hafa góð áhrif með því að skapa umræðugrundvöll meðal þátttakenda í hópnum, ekki síst fyrir sjúklinga með heilabilun.

Í kringum þorran var þorrakistan lánuð til Fáskrúðsfjarðarskóla og mynd og lýsislampi lánuð í Fellaskóla í beinum tengslum við heimsókn á safnið.

GRUNNSÝNING



„Skurðstofan“ skoðuð


Grunnsýningin *Sveitin og þorpið* sem sett var upp vorið 2006 stendur enn en tók örlitlum breytingum. Í safnkost Minjasafnsins barst fjöldi muna frá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað og var hluta af þeim komið fyrir í grunnsýningunni, lítil skurðstofa og sjúkrahvergi.

Þá var unnið að því að fjölga textaspjöldum sem skýra einstaka muni, þó að því verki sé ekki enn alveg lokið. Grunntextinn var þýddur á þýsku en fram að því hafði hann eingöngu verið til á íslensku og ensku.

AÐRAR SÝNINGAR

DAUÐIR RÍSA

Minjasafn Austurlands, í samvinnu við Skriðuklaustursrannsóknir setti upp sýninguna „Dauðir rísa ... úr gröfum Skriðuklausturs“ og var hún opnuð á Sumardaginn fyrsta, 23. apríl.



Sýningin fjallar um fólkið sem grafið var á Skriðuklaustri frá tímum klaustursins (1493-1554) og fram á 18. öld. Á sýningunni eru m.a. sýndar teikningar af beinagrindum hinna framliðnu eins og þær lágu í gröfum sínum. Þá eru til sýnis tvær beinagrindur, kistuleifar og munir sem fundist hafa í kistum. Í tengslum við þetta var einnig gefin út sýningaskrá með fyrrnefndum teikningum. Þar má jafnframt finna greinar sem fjalla um fornleifauppgröftinn að Skriðuklaustri og niðurstöður hans sem og grein um íslenska grafarsíði og viðhorf til dauðans fyrr og nú.

Með sýningunni er leitast við að kynnast örlítið hinum löngu liðna hugarheimi íslenskra miðalda og jafnframt minnst fólksins sem á Skriðuklaustri var jarðað þó að lífshlaup þeirra sé okkur enn að mestu hulið.

Sýningarhönnuður var Björn G. Björnsson hjá List og Sögu ehf. sem einnig hannaði grunnsýningu safnsins, „Sveitin og þorpið”. Fyrir hönd Skriðuklaustursrannsókna kom að sýningargerðinni verkefnisstjórn og fornleifafræðingurinn Steinunn Kristjánsdóttir. Fornleifafræðingurinn og mannabeinasérfræðingurinn Guðný Zöega kom austur til að hjálpa við að setja upp þær tvær beinagrindur sem á sýningunni eru.

ÁST Í 100 ÁR



Sumarsýningin 2009 fjallaði um ást, rómantík og kynlíf, sem má teljast mjög metnaðarfullt verkefni og ljóst er að ómögulegt er að gera umfjöllunarefninu skil til fullnustu, hvað þá þegar tími, fjármagn og húsnaði takmarkar einnig möguleika til miðlunar. Því var tekið á það ráð að reyna að afmarka efnið við 100 ár, 1880-1980, og að halda sig að mestu við Austurland.

Sýningarhönnuður var Ríkey Kristjánsdóttir og eins og oft áður var sýningunni dreift í almenningssými Safnahússins, allar þrjár hæðirnar. Margvíslegir miðlunarmáttar voru notaðir, ljósmyndir af austfirskum hjónum/pörum, viðtöl voru tekin við Austfirðinga á ýmsum aldri um hugmyndir þeirra og upplifun af ástinni. Gerður var útvarpsþáttur í samstarfi við RUV byggður á sama efni sem var frumfluttur um verslunarmannahelgina.



Spáð í austfirsk ástarsambönd út frá ljósmyndum.

Samin var stutt saga sem átti að sýna hvernig umhverfi og hugmyndir um ástina og tilhugalíf breyttust á þessu 100 ára tímabili. Prentuð voru á blinddramma brot úr austfirskum ástarbréfum. Í sýningar skáp á efstu hæð var gerð tilraun til að gera kynlífinu skil með innsetningu þar sem bækur á íslensku frá öllu tímabilinu um kynferðismál voru uppistaðan.

Þá hannaði Ríkey og gerði 50 hjörtu úr textíl sem hver og eitt táknaði einhverja tilfinningu sem tengist ástinni og var þeim steipt yfir fólk þegar það gekk inn um aðalinngang Safnahússins.

PRJÓNAHEIMUR LUKA III

Tvíburasystur að sunnan, þær Gunnhildur og Brynhildur Þórðardóttir, settu upp sölusýningu á vörum sínum í Minjasafni Austurlands. Sýningin var opnuð föstudaginn 11. september og spjölluðu listakonurnar við áhugasama um vörurnar, hönnunina og ýmislegt fleira.

Eftirfarandi texti er frá þeim Lúkasysturum:



Vertu velkomin í Þrjónaheim Lúka þar sem þrjónað efni er ekki einungis notað í fatnað heldur líka í listrænar innsetningar. Lopapeysur og þrjón er ekki bara tengt við ömmur okkar heldur er það hluti af menningararfi Íslendinga. Íslenska ullin býr yfir einstökum eiginleikum, hún er vatnsfráhrindandi, hlý og einangrar en jafnframt getur hún andað. Gömlu mynstrin eru ákaflega falleg en gaman er að sjá nýtt mynstur fyrir íslenska lopann

verða til. Sýningin var áður til sýnis í galleríBOXi á Akureyri, höfuðstað Norðurlands, í apríl 2008 og í september í Þjóðminjasafni Íslands og þótti við hæfi að setja hana upp á Austurlandi og þá sérstaklega hér í Minjasafninu.

Systurnar, Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætur, skipa listadúóið Lúka Art & Design sem var stofnað haustið 2004 eftir farsæla samsýningu þeirra á Ljósanótt í Keflavík sama ár. Þær hafa nú verið í samstarfi við Glófa á Akureyri og í Kópavogi þar sem þær hönnuðu mynstur fyrir íslensku ullina sem Glófi þrjónar og framleiðir vörur sem þær hafa hannað. Hugmyndin að mynstrinu er unnin út frá lakkrískonfektum og lakkrísreimum. Annar innblástur er fengin frá skúlptúrum og innsetningum japönsku listakonunnar Yayoi Kusama og bandarísku listakonunnar Louise Goldman.

UPPÁKOMUR OG VIÐBURÐIR

Nokkrir viðburðir hafa fest sig í sessi á safninu. Páskasmiðjur, uppákomur sumardaginn fyrsta og bókavaka eru þar á meðal, auk Dags íslenskrar tungu, Daga myrkurs og Jólagleði fjölskyldunnar. Tugir gesta leggja leið sína í safnið þá daga og njóta þess sem í boði er.

PÁSKAFJÖR

Margir gestir heimsóttu safnið laugardaginn 28.mars 2009, þegar boðið var upp á páskaþjör. Safnahúsið bauð gestum upp á ýmis konar föndur, fróðleik um páska og páskahefðir, upplestur, eggjaleit og vöffur. Í föndri var boðið upp á að reyna sig við eggjamósaík, klósetthólkaskraut, túlípanaorigami og eggjalitun. Trékross var fenginn að láni frá



Valþjófsstaðakirkju auk Guðbrandsbiblíunnar frá Héraðsskjalasafninu. Gestir nutu upplestrar á bókasafninu og leituðu að földum soðnum eggjum. Þótti bæði eldri og yngri gestum hússins ákaflega skemmtilegt að taka þátt í öllu sem í boði var þennan dag.

SUMARDAGURINN FYRSTI



Sumardaginn fyrsta ríkti mikil gleði meðal þeirra rúmlega 100 gesta sem tóku þátt í dagskrá í Safnahúsinu. Ný sýning minjasafnsins; „Dauðir rísa ... úr gröfum Skriðuklausturs“ var opnuð, sönghópurinn Hjartafimmurnar gladdi gesti með söng sínum, Þjóðdansafélagið Fiðrildin sýndi dansa, gefnar voru sumargjafir í formi lesturs, tónlistar og

danskennslu og gestir fengu að reyna á hæfileika sína við að búa til kort og sumarlegt föndur. Um kvöldið var svo ljósmyndasýning þar sem myndir úr fórum Ljósmyndasafns Austurlands voru dregnar fram. Þema sýningarinnar var mannfagnaðir og íþróttaviðburðir.

ÍSLENSKI SAFNADAGURINN

Íslenski safnadagurinn var 13. júlí að þessu sinni. Engin sérstök dagskrá var í gangi þennan dag en aðgangur var ókeypis eins og venja er til. Safnið tók þátt í sameiginlegri auglýsingu safna sem birtist í Morgunblaðinu.

ORMSTEITI – SAFNANÓTT

Safnanótt var haldin í safnahúsinu laugardagskvöldið 14. ágúst, en þessi viðburður var liður í yfirstandandi Ormsteiti. Um 50 manns sóttu safnið heim af þessu tilefni og hlýddu gestir á tvíþætta dagskrá. Fyrri hlutinn hverfðist um ást og tilhugalíf á ýmsum tímum og var sá hluti sýningarinnar fluttur af Elfu Hlín Pétursdóttur, Arndísi Þorvaldsdóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Hrafnkeli Lárussyni. Í síðari hluta dagskrárinnar sýndi Arndís myndir frá söng- og leiklistarskemmtunum Héraðsbúa á síðari hluta 20. aldar. Góð stemming skapaðist meðal viðstaddra og urðu nokkrar umræður um efni sumra myndanna.

VÍKINGA-MYNDATAKA MEÐ DR. WILLIAM R. SHORT

Minjasafn Austurlands fékk til sín í samstarfi við Hrafinkelssögufélagið, Vísindagardinn og Menntaskólann á Egilsstöðum frábæran og fróðan gest þriðjudaginn 15. september: Dr. William R. Short. Hann hefur sérhæft sig í ýmsu varðandi víkinga og nýlega gefið út bók um vopn þeirra og bardagatækni. Hann mætti uppáklæddur og vopnaður og tók þátt í myndatöku með gestum á öllum aldri sem bauðst einnig tækifæri til að klæða sig í búninga. Minjasafnið á nú 2 misstóra strákabúninga og fatnað á stúlkur í 2 stærðum, en fékk lánaða búninga með skarti og fleiru tilheyrandi frá Guðrúnu Ásgerði Steingrímsdóttur, Eyjafjarðarsveit. Hr. Short kenndi gestum nokkrar aðferðir við að vega menn og verja sig með víkingavopnum. Rætt var við hr. Short og gesti safnsins í viðtali fréttatímans sjónvarpsins mið.23.sept. Gestir voru því miður ekki margir en allir skemmtu sér frábærlega og gátu fræðst um efni bókar Dr.Short í sal ME um kvöldið. Beiðnir frá

nokkrum aðilum um að endurtaka þetta kvöld bárust eftir að myndir og fréttin birtust. William Short hefur þegar sýnt mikinn áhuga á að endurtaka svipaða heimsókn og myndatökukvöld á leið sinni um Ísland á næsta ári.



DAGAR MYRKURS

Dögum myrkurs var fagnað í Safnahúsinu laugardaginn 14. nóvember. Dagskrá tileinkuð skáldinu Erni Arnarssyni í tilefni af 125 ára fæðingarársmæli hans var flutt. Þær Áslaug Sigurgestsdóttir og Arndís Þorvaldsdóttir tóku hana saman en um upplestur sáu þær Dagný Pálsdóttir, Fanney Sigurðardóttir og Rannveig Jónsdóttir.

Þá tók söngsveitin *Hjartafimmurnar* lagið og Páll Pálsson kvað. Einnig stóð Héraðsskjalasafnið fyrir sýningu á gögnum úr fótum austfirskra kvenfélaga og myndum af konum í leik og starfi í tengslum við Norræna skjaladaginn, en titill hans þetta árið var *Konur og kvenfélög*.

Sumarsýningu Minjasafnsins, *Ást í 100 ár*, lauk formlega þennan dag með því að ástarhjörtu Ríkeyjar Kristjánsdóttur voru tekin niður og seld hæstbjóðanda.

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Mánudaginn 16. nóvember var skólahópum og almenningi boðið að spreyta sig í ýmsum verkefnum í tilefni dagsins og var safnið opið til kl. 19 þennan dag. Rúmlega 100 manns mættu til að prófa krossgátu með vísbendingum dreifðum um safnið, stafaleiki, stafakubbapúsl, orðalengju upp stigann, orðabelg, að kveðast á og botna fyrri parta, vísnagátur og rúnafjárjóðsleit þar sem nafn hlutar stóð á priki með rúnalettri sem gestir túlkuðu og fundu síðan hlutinn á safninu. Mættu hópar úr leikskóla og á ýmsum aldursstigum í grunnskólanum auk annarra gesta eftir skólatíma.

BÓKAVAKA

Bókavaka Safnahússins var haldin fimmtudagskvöldið 3. desember þar sem austfirsk bókaútgáfa var í öndvegi. Fram komu rithöfundarnir Vilhjálmur Hjálmarsson, Kristín Jónsdóttir, Ingunn Snædal og Smári Geirsson og lásu úr nýútkomnum verkum sínum auk þess sem Elfa Hlín Pétursdóttir las upp úr þýðingu sinni.

JÓLAGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR

Glatt var í Safnahúsinu laugardaginn 5. desember þegar fjölskyldur áttu ánægjulega og skemmtilega samveru með ýmis konar föndri, fróðleik og smákökum. Í smiðjum á neðri hæð gátu menn skorið út og steikt sér laufabrauð, fléttað jólapoka, búið til músastiga og snjókorn eða jólatré úr skafti og lyngi. Margir stönsuðu við borðið hjá henni „Línu“ (Jacqueline) til að búa til einfalt og fallegt keramikskraut fyrir hátíðirnar. Á miðhæðinni var að finna á ýmsum stöðum á safninu fróðleik um jólah hefðir og sögu ýmissa hluta sem



við tengjum við jólahátíðina. Einnig voru þar kynningar á jólasíðum Póllands og Slóvakíu: myndir, DVD og smákökur. Stekkjarstaur og Skyrjarmur stóðust ekki freistinguna að líta inn og Grýla kom arkandi á eftir þessum óþekktarormum sínum. Ekki tókst að stingum neinum óþekktum börnum ofan í pokann að sinni, en öllum var boðið að dansa saman í kringum jólatréð. Gestir og jólasveinar sungu og gengu hringinn í kringum jólatréð þar til allir voru að verða ringlaðir. Þá kvöddu jólasveinarnir með því að hrista gesti, því þau misskildu þann mannasið að taka í höndina á fólki til að kveðja. Yfir 100 manns fóru heim með bros á vör eftir þessa samverustund.

Skýrgámur strokkar smjörð

MILLI HÁTÍÐANNA

Á safninu var auglýstur opnunartími milli jóla og nýárs en hingað til hefur safnið verið loka á milli hátíða. Var búið að setja upp borð með ýmis konar spilum handa gestum sem vildu komast aðeins út úr heimilinu en njóta áfram samverustundar með fjölskyldu eða vinum. M.a. voru hnefatafl, mylla, landnemaveiðimaður og önnur spil með spilastokk ásamt leiðbeiningum. Gestir voru því miður fáir og óvíst hvort þetta verði endurtekið að ári.

ÝMIS STARFSEMI

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Á árinu lögðu leið sína í Geirsstaðakirkju nokkur hundruð gestir eins og vaninn er þó að hún sé lítið auglýst. Má ætla að stór hluti gesta séu ferðalangar á leiðinni úti Húsey. Safnstjóri og fleiri hafa hugmyndir um sk. Úthéraðshring þar sem ferðamönnum væri kynntir athyglisverðir áfangastaðir, þ.m.t. Geirsstaðakirkja, Kjarvalshvammur og Galtastaðir fram. Viðraðar voru hugmyndir við ýmsa aðila um útfærslu á þessu, hvort að sniðugt væri að gefa út bækling eða hanna ferðir fyrir t.d. gesti skemmtiferðaskipa sem setjast að reglulega í Seyðisfjarðarhöfn. Ekkert varð af framkvæmd þetta árið en hugmyndin er enn í gerjun jafnt innan safns sem utan.

KJARVALSHVAMMUR

Sótt var um styrki til viðhalds og endurgerðar í Kjarvalshvammi og gleðilegt var að fjárlaganefnd veitti safninu 2 milljónir til þessa verks auk þess sem Menningarráð Austurlands, Þjóðhátíðarsjóður og Ferðamálastofu styrktu verkefnið eins og segir í ársskýrslu 2008. Leitað var til landslagsarkitektsins Björns Jóhannssonar um hönnun svæðisins en fengnar ráðleggingar frá Húsafríðun um hvernig standa skyldi að endurbótum á húsunum. Þá var Rannveig Þórhallsdóttir ráðin til að vinna að efnisöflun fyrir upplýsingaskilti. Vegna tímaskorts náðist ekki að ljúka verkefninu á árinu en það var þó í góðum farvegi og fyrirhugað að því ljúki 2010. Er það ánægjulegt að þessum merka stað verði á ný sá sómi sýndur sem hann á skilið.

WOOLANDSHEEP.COM

Á síðustu árum hefur talsverð samvinna verið milli listamanna sem og fólks í menningar- og ferðaþjónustugeirum á Austurlandi, í Vesterålen í Norður-Noregi og í Donegal-sýslu á Írlandi. Eina af afurðum þessarar samvinnu er heimasíðan www.woolandsheep.com sem opnuð var formlega þriðjudaginn 10. nóvember 2009.



Museum Nord í Noregi, Donegal County Museum á Írlandi og Minjasafn Austurlands hafa unnið saman síðan vorið 2007 að verkefni þar sem aðalhugmyndin var samvinna hefðbundinna minjasafna og skapandi listamanna. Ákveðið var að vinna með kindur og ull á hverju svæði fyrir sig í tengslum við fjögur meginþemu: listir, handverk og hönnun, sögu, táknmyndir og þjóðernishyggiu.

Hvert safn setti upp sína sýningu auk þessarar sameiginlegu heimasíðu sem á að miðla afrakstri verkefnisins. Haldnir voru tveir vinnufundir, annars vegar í London 9. – 13. febrúar þar sem þær Ríkey Kristjánsdóttir og Ingunn Þráinsdóttir, auk safnstjóra mættu fyrir Íslands hönd. Þar voru línur skýrðar fyrir heimasíðuna, hvernig hún ætti að vera uppbyggð, tæknimál skoðuð og verkefnum deilt niður á þátttakendur. Fórum við svo

hvert til okkar heima og unnum það efni sem að okkur sneri. Í september var svo haldinn annar vinnufundur, að þessu sinni í Melbu í Vesterålen þar sem spýtt var í lófana og miklu komið í verk. Austfirski fyrirtækið Islingua/Norðan Jökuls sá um þýðingar á textum en síðan er á þremur tungumálum; íslensku, norsku og ensku.

Við opnun heimasíðunnar, var haldið lítið málþing á Skriðuklaustri þar sem fjallað var um íslensku sauðkindina frá ýmsum sjónarhornum. Guðfinna Harpa Árnadóttir, héraðsráðunautur Búnaðarsambands Austurlands fjallaði um stöðu og umhverfi sauðfjárræktar á Íslandi í dag. Ingunn Þráinsdóttir listamaður og grafískur hönnuður hélt erindið „Gamla gæra - taka tvö“ þar sem hún skýrði frá því hvernig hún hefur notað kind, ull og gærur í list sinni, Að lokum sagði Elfa Hlín Pétursdóttir, stuttlega frá sögu sauðfjárræktar og ullarvinnslu á Íslandi sem og um þá veigamiklu stöðu sem „Hin heilaga rolla“ skipar í menningu Íslendinga.

Gestir voru um 30 og gerðu góðan róm að erindum. Að þeim loknum var, að þjóðlegum sið, sest að borðum og gætt sér á gómsætri íslenskri kjötsúpu frá Elísabetu í Klausturkaffi.

SAMTÍMASÖFNUN – LEIKIR BARNNA

Minjasafn Austurlands í samstafi við Byggðasafn Árnesinga, Byggðasafn Reykjaness, Lækningaminjasafn Íslands, Minjasafn Austurlands, Minjasafn Akureyrar, Minjasafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðfræðistofu stendur fyrir samtímasöfnun um leiki barna í upphafi 21. aldar. Markmiðið er að safna fróðleik um leiki barna, ásamt



Nemendur bregða á leik í frímínútum

leikföngum og ljósmyndum. Söfnunin mun ná til nemenda í nokkrum 5. bekkjum víðsvegar um landið. Samstarf safnanna sem taka þátt gerir þeim kleift að standa að viðtækri söfnun sem veitir einstaka innsýn inn í þennan þátt í lífi barna á okkar tímum. Fyrirhugað er að kynna niðurstöður verkefnisins með útgáfu og sýningu sem sett verður upp hjá öllum söfnunum.

Í nóvember fóru tveir starfsmenn Minjasafnsins í heimsókn til nemenda í 5. bekkjum Egilsstaðaskóla og lögðu fyrir þau spurningalista og létu þau hafa dagbækur þar sem þau eru beðin um að skrifa niður leiki sína, í skóla og frítíma. Þá var fylgst með börnunum í frímínútum og ljósmyndir teknar af þeim við leik. Viðtal var tekið við fimm nemendur og þau beðin um að skýra fyrir okkur leiki sína nánar, út frá niðurstöðum dagbókanna og spurningalistanna.

HEIMASÍÐA

Áfram var unnið við að setja inn efni á heimasíðuna og gera hana sem best úr garði gerða. Á henni má nú nálgast t.d. fjölda ljósmynda, greina og upplýsingar um sýningar.

Heimasíðan er tæki safnsins til að rækja hlutverk sitt á sviði miðlunar menningararfsins og í henni felast miklir möguleikar sem ekki eru mjög kostnaðarsamir en að sama skapi er nauðsynlegt að starfsfólk hafi tíma til að setja inn bæði nýtt efni sem og að uppfæra eldra. Þá er heimasíðan mikilvægt markaðstól í stafrænum heimi 21. aldarinnar.

RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG FUNDIR

Að venju sóttu starfsmenn safnsins ýmsar ráðstefnur, námskeið og fundi í tengslum við starfsemi safnsins. Má t.d. nefna að safnstjóri sótti fund um listfræðslu á Íslandi á Egilsstöðum 30. janúar, tók þátt í nokkrum vinnufundum þar sem unnið var að stefnumótun í menningarmálum fyrir Austurland/Menningarráð Austurlands og fór á Hugvísindabing þann 13. mars í Reykjavík og hlýddi á erindi um miðlun sögu á sýningum.

Safnstjóri fór einnig á farskóla safnmanna sem þetta árið var haldið á Suðurlandi með bækistöðvar á Hvolsvelli.

Safnkennari tók þátt í ráðstefnu sem haldin var á vegum ICOM/CECA í Reykjavík á haustmánuðum þar sem fjallað var um safnfræðslu í víðu samhengi.

SÓMASTAÐIR



Þjóðminjasafnið leitaði eftir samstarfi við Minjasafn Austurlands og Safnastofnun Fjarðabyggðar um umsjón með Sómastöðum í Reyðarfirði. Það hús er í Húsasafni Þjóðminjasafnsins og styrkti Alcoa Fjarðaál endurbætur á því. Unnið var að samningsdrögum og útfærslu á því samstarfi á árinu en ekki var komin niðurstaða í þau mál fyrir árslok.

FORNLEIFARANNSÓKN

úr áfangaskýrslu SKR 2009 e. Steinunni Kristjánsdóttur

Uppgrefti var haldið áfram á Skriðuklaustri áttunda sumarið í röð árið 2009 og stóð hann yfir í tvo mánuði. Unnið var á ellefu svæðum innan klausturhúsanna, grafnar upp 34 grafir úr kirkjugarðinum og skráðir rúmlega 1000 gripir í fundaskrá. Búið er að grafa upp 1190 fermetra af 1300 fermetra stóru svæði, því er líklegt að uppgrefti á Skriðuklaustri ljúki árið 2012 eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

Innan klausturhúsanna var í unnið við uppgröft á sjúkrasal en rýmið er það stærsta sem grafið hefur verið fram til þessa. Vitað er af skála frá víkingaöld undir rústum klaustursins. Kom nyrðri endi hans einnig í ljós. Ekki var búist við að frekari rústir kæmu í ljós á svæði sem merkt hefur verið X í gögnum rannsóknarinnar miðað við niðurstöður frá sumrinu áður. Það kom því á óvart þegar þar fannst gangur sem tengir saman kirkju og klausturhús. Hefur hann væntanlega verið yfirbyggður. Leifar hans voru nærri horfnar, að líkindum vegna endurbyggingar kirkjunnar um miðja 17. öld. Fundur gangsins er afar mikilvægur fyrir túlkun á rústunum því hann rennir enn frekari stoðum undir það að klausturbyggingin hafi verið byggð með sama hætti og aðrar eins utan Íslands. Slíkur

gangur er venjulega kallaður næturtrappa en um hann gengu reglubræður til tíða að nóttu sem degi án þess að fara undir bert loft.



Mynd af hníf, skaft úr látúni, skreyting af Maríu mey.

Samtals voru grafnir upp ríflega 1000 gripir sumarið 2009 og er það nokkuð í samræmi við eðli rústanna. Meðal gripa eru hnífir, leirker, skreytingar af ýmsu tagi, auk fjölda dýrabeina, nagla og ógreinanlegra hluta úr málm. Einn þeirra hnífa sem fannst er með skreyttu skafti úr látúni. Fannst hann í sjúkrasal klaustursins. Skreytingin sýnir Maríu mey en klaustrið var helgað henni.

Lokið var við að grafa upp 34 grafir sumarið 2009 en aldrei hefur tekist að opna svo margar grafir áður á einu sumri. Mannabeinasafn Skriðuklausturs telur nú 157 beinagrindur og er það þar með orðið það stærsta heildastæða beinasafn sem grafið hefur verið upp á einum stað hérlandis til þessa.





Fornleifarannsóknin var kynnt með ýmsum hætti á árinu. Þrjár sýningar voru opnaðar, fjórar greinar voru birtar í ritrýndum ritum og þrjár skýrslur um greiningar gefnar út í skýrsluröð rannsóknarinnar. Niðurstöður voru einnig kynntar með fyrirlestrum á fimm ráðstefnum innanlands og utan, auk veggspjaldakynninga á ráðstefnu í Háskólanum Bradford og Háskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um rannsóknina, greinar og skýrslur tengdar henni má nálgast á slóðinni <http://notendur.hi.is/sjk/SKR.htm>.

GESTAFJÖLDI

Á árinu voru skráðar heimsóknir 3416, tæplega 200 færri gestir en á síðasta ári og liggur sú fækkun líklegast að miklu leyti í því að heimsóknum erlendra ferðamanna fækkaði aftur eftir mikla aukningu frá fyrra ári. Munar þar mest um að á síðasta ári var nokkuð um heimsóknir farþega Norrænu sem voru í skipulegum rútuferðum á Héraði en ekki varð framhald á því milli ára. Þrátt fyrir fækkunina er þetta annað árið í röð þar sem gestafjöldi var á fjórða þúsund sem má teljast viss áfangi þó að enn megi fjölga heimsóknum gesta mikið, sérstaklega innlendra og erlendra ferðamanna.

Hér fyrir neðan eru fjórar töflur sem sýna bæði skiptingu ferðamanna á þessu ári sem og samanburð milli ára.



STJÓRNARSTÖRF

Á árinu voru haldnir 3 stjórnarfundir. Í stjórn sátu þau Sigurjón Bjarnason, Sigríður Sigmundsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjörð eystri og Halldóra Tómasdóttir fyrir Fljótdalshrepp en varamaður hennar, Þórdís Sveinsdóttir tók við stjórnarsetu um mitt ár. Fundargerðir stjórnar má nálgast á heimasíðu safnsins.

INNLAN – ÚTLÁN

Nokkuð af munum var lánað til sýningar á Skriðuklaustri um Gunnar Gunnarsson. Þá var kamarhurð úr Kjarvalshvammi lánuð Orkuveitu Reykjavíkur til sýningar í tilefni af 100 ára afmæli OR.

Þjóðminjasafnið lánaði Minjasafninu hins vegar gripi og bein úr uppgreftrinum á Skriðuklaustri vegna sýningarinnar *Dauðir rísa ... úr gröfum Skriðuklausturs*.

AÐFÖNG

Um 330 munir voru nýskráðir á árinu í Sarp en auk þeirra tók safnið við töluverðu magni af munum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað sem ekki náðist að skrá á árinu.

LOKAORÐ

Mikið og gott faglegt starf átti sér stað á árinu sem helgast af því að fleiri starfsmenn voru við störf en oftast áður. Þó er það þannig í þessum geira að verkefnalistinn styttist aldrei, sama hversu mikið er strikað út af honum, það bætast alltaf ný verkefni við. En í því felast líka mikil tækifæri; við getum haft mikil áhrif á hvernig hlutirnir eru unnir og hvaða stefnu við kjósum að fara í faglegu starfi og þróun safnsins.

Safnið er og skal vera hluti af samfélagi nærumhverfis síns og gleðilegt er hve heimamenn sýna mikla alúð og ræktarsemi, það er safninu og starfsfólki þess ómetanleg í daglegum rekstri.